

Lög Prentsöguseturs

1. gr. Nafn

Félagið heitir *Prentsögusetur*

2. gr. Heimili

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr. Tilgangur

Tilgangur félagsins er að stuðla að söfnun, skráningu og varðveislu minja sem tengjast prentsmiðjurekstri á Íslandi frá upphafi, með megináherslu á þróun tækjabúnaðar, efnisnotkunar og vinnubragða. Einnig að stuðla að rannsóknum, sýningum og kynningum á því sem setrið hefur yfir að ráða þessu tengt og því rannsóknarstarfi sem fram fer hverju sinni.

4. gr. Markmið

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með öflun heimilda, ritaðra eða munnlegra, tækja og verkfæra, myndefnis og annars sem tengist prentiðnaði á Íslandi og tók eru á að nálgast. Setrið skal sjá um skráningu og varðveislu, annað hvort sjálft eða með sérstökum samningum við önnur söfn, setur eða varðveislustofnanir.

5. gr. Félagsaðild, réttindi

Félagsaðild. Prentsögusetur er opið hverjum þeim sem áhuga hafa á sögu prentiðnaðar og bókagerðar á Íslandi. Við inngöngu skulu nýir félagsmenn greiða árgjald. Atkvæðisrétt á fundum félagsins, kjörgengi og rétt til þátttöku í starfsemi félagsins hafa allir skráðir félagar sem greitt hafa tilskilin félagsgjöld.

Fyrirtæki, félög og félagasamtök geta öðlast félagsaðild að Prentsögusetri. Þau eiga rétt á einum atkvæðisbærum fulltrúa á fundum félagsins, að uppfylltum skilyrðum 1. mgr. hér að framan.

6. gr. Félagsgjöld, fjáröflun

Félagsgjöld skulu innheimt árlega. Fjár til rekstrar félagsins má einnig afla með styrkjum gjöfum og þátttökugjaldi að sýningum. Félagið eða stjórn þess getur ekki skuldbundið félagsmenn

fjárhagslega á neinn hátt. Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til eflingar á starfsemi þess.

7. gr. Starfstímabil

Starfstímabil félagsins er almanaksárið.

8. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal halda eigi síðar en 1. apríl ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað, svo sem með tölvupósti og tilkynningu á vefsíðu félagsins. Á aðalfundi skal stjórnin gefa skýrslu um starf liðins árs. Aðeins skuldlausir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á aðalfundi. Einfaldur meirihluti atkvæðisbærra fundarmanna ræður úrslitum mála.

Atkvæði á aðalfundi skal greiða með handauppréttingu nema einn eða fleiri félagar æski leynilegrar atkvæðagreiðslu.

Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist til stjórnar eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Þær öðlast gildi ef þær eru samþykktar með 2/3 greiddra atkvæða. Auðir og ógildir seðlar teljast ekki með. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning formanns
7. Kosning fjögurra annarra stjórnarmanna og tveggja til vara
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
9. Önnur mál

9. gr. Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð sjö félagsmönnum, formanni, varaformanni, ritara og gjaldkera, einum meðstjórnendum, auk tveggja einstaklinga í varastjórn, kjörnum á aðalfundi til eins árs

í senn. Formaður er kjörinn sérstaklega á aðalfundi, en stjórnarmenn skipta að öðru leyti með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Falli atkvæði jafnt innan stjórnar félagsins, ræður atkvæði formanns. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar. Formaður hefur á hendi framkvæmdastjórn félagsins ef ekki er ráðinn sérstakur aðili til þeirra starfa.

Skoðunarmenn reikninga fara í gegnum fylgiskjöl reikninga fyrir liðið ár og ganga úr skugga um að þau séu rétt og til staðar.

10. gr. Félagsfundir

Almennan félagsfund sem er ekki aðalfundur skal halda þegar stjórnin sér ástæðu til eða ef minnst 10 félagsmenn óska þess með skriflegri áskorun til stjórnar.

11. gr. Lán, veðsetningar

Óheimilt er að taka lán og/eða veðsetja eignir félagsins nema með samþykki tveggja þriðjuhluta atkvæðisbærra félagsmanna á félagsfundi. Óheimilt er að félagsmenn gangi í fjárhagslega ábyrgð fyrir félagið.

12. gr. Félagsslit

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til sambærilegrar stofnunar.

Samþykkt á aðalfundi 2023.